

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Breiðdalsvíkur.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, sem vatnsveita Breiðdalsvíkur nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar á Breiðdalsvík.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd, sem ákveður laun vatnsveitunefndar. Í vatnsveitunefnd séu þrír menn, og þrír til vara. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Hver sá sem vill komast í samband við vatnsveituna sækir um það skriflega.

4. gr.

Vatnsveitunefnd eða mönnum í umbóði hennar er heimilt að fara um hús manna, þar sem leiðslur liggja, til athugunar. Sé útbúnaði ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr, ella lætur vatnsveitunefnd gera það á hans kostnað. Heimilt er að láta loka vatnsæðum, ef trassað er að gera við bilanir, eytt er vatni að óþörfu eða vanrækt að greiða vatnsskatt og tengigjald í gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða þótt lokað sé af þessum ástæðum.

5. gr.

Hver, sem veldur skaða eða skemmdum á vatnsveitunni, skal bæta að fullu.

6. gr.

Skylt er sérhverjum að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, samkv. mati ef eigi næst samkomulag.

7. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar og hafi auk þess greitt kr. 1000.00 í stofngjald. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögnum í hús sín, og annast viðhald þeirra.

8. gr.

Af öllum íbúðum í Breiðdalsvík, sem vatn er leitt í frá veitunni skal greiða vatnsskatt árlega kr. 300.00 fyrir íbúð. Heimilt er þó að lækka þetta um $\frac{1}{3}$ ef aðeins einn er í íbúð.

9. gr.

Af húsum, sem nota mikið vatn til annars en heimilisþarfa, skal lágmarksgjald vera kr. 1200.00. Í frystihúsum skal miðað við kr. 0.25 fyrir hverja slátraða kind, kr. 1.00 fyrir hvern slátraðan stórgrip og kr. 1.50 fyrir hverja smálest af unnum fiski. Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 20.00 fyrir hverja smálest. Að öðru leyti fer eftir samningi í hverju tilfelli.

10. gr.

182

Hreppsnefnd getur ákveðið allt að 50% hækkun eða lækkun á þessum taxa, allt eftir mati hreppsnefndar, og tillögum vatnsveitunefndar.

11. gr.

Reikningar veitunnar er almanaksárið.

Gjalddagi vatnskatts er 1. apríl ár hvert, og greiðist vatnskattur í einu lagi fyrir liðið ár. Vatn til skipa skal staðgreitt. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnskatts, sem má taka lög taki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár á eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist hér til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 2 6. janúar 1954 fyrir vatnsveitu Breiðdalsvíkurþorps.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

183

um heimilishjálp í Kelduneshreppi.

21. okt.

1. gr.

Hreppsnefnd Kelduneshrepps fer með stjórn heimilishjálpar í hreppnum samkvæmt reglugerð þessari, en framkvæmd heimilishjálparinnar er í höndum stjórnar Kvenfélags Keldhverfinga.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður, eða á annan hátt, sem framkvæmdanefndin metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en 14 daga í senn.

3. gr.

Framkvæmdanefndin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar. Ber nefndinni að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem til heimilishjálparinnar eru ráðnar á vegum hreppsins séu hæfar til starfsins og ekki haldnar neinum næmum sjúkdómi.